

Velferðarráð Kópavogs
Karen E. Halldórsdóttir, formaður

Kópavogi, 17. ágúst 2021
2108633/999.00 AKG

Efni: Handbók um notendasamráð. Fylgibréf.

Meðfylgjandi er handbók sem Landssamtökin Þroskahjálptóku að sér að gera fyrir sveitarfélög um starfsemi notendaráða. Lagt fram til upplýsingar.

Í texta á heimsíðu Þroskahjálpar kemur eftirfarandi fram um handbókina:

Markmið handbókarinnar er að tryggja sveitarfélögum fræðslu um skyldur sínar er varðar fatlað fólk og mikilvægi þess að allir séu raunverulegir og virkir þátttakendur. Í handbókinni er meðal annars komið inn á nauðsyn þess að öllum þátttakendum í notendaráðum sé tryggður viðeigandi stuðningur og aðlögun sem mætir þörfum þeirra til þess að þeir geti komið skoðunum sínum á framfæri, deilt reynslu sinni og veitt stjórnvöldum viðeigandi aðhald. Handbókinni er ætlað að tryggja virka þátttöku fatlaðs fólks í notendaráðum varðandi málefni sveitarfélaganna sem hafa bein áhrif á lífsgæði og sjálfstæði þess. Efnið er unnið með styrk frá félagsmálaráðuneytinu og í nánú samráði við fatlað fólk og byggir á heimildum um samráð við fatlað fólk.

Anna Klara Georgsdóttir
deildarstjóri